

RANNSÓKNABORUN ÞG-06 Á ÞEISTAREYKJUM AÐALDÆLAHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun rannsóknarholu ÞG-06 á Þeistareykjum, Aðaldælahreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu og þarf sveitarstjórn Aðaldælahrepps að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3 tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sbr. reglugerð nr. 785/1999 og falla einnig undir ákvæði laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Þeistareykir ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

28. maí 2008

INNGANGUR

Þann 25. mars 2008 tilkynntu Þeistareykir ehf. fyrirhugaða borun rannsóknarholu ÞG-06 á Þeistareykjum í Aðaldælahreppi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2ci í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Aðaldælahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Aðaldælahreppi með bréfi dags. 15. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 21. apríl 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 25. apríl 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 14. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. maí 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Þeistareykkjum ehf. með bréfum dags. 25. apríl og 22. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stefnt sé að því að stækka núverandi borteig ÞG-03 undir Ketilfjalli, sem er um 5200 m² að flatarmáli, svo bora megi aðra rannsóknarholu á honum. Áætlað sé að stækkunin nemi um 660 m² og að nota þurfi um 330 m³ af fylliefni vegna stækkunarinnar. Stækkun teigsins fer yfir land þar sem mold var jafnað út yfir við gerð borteigsins árið 2006 og svæðið svo grætt upp sumarið 2007. Steyptur kjallari, u.þ.b. 1,5 m djúpur, verður byggður utan um efstu fóðringu holunnar. Fyrirhugað er að borholan verði allt að 2.500 m að dýpt, lóðrétt eða stefnuboruð og hönnuð eins og vinnsluhola. Borun holunnar tekur einn til tvo mánuði. Reiknað er með að við borun þurfi að jafnaði um 40 l/s af kælivatni og líkt og gert var við borun ÞG-04 og ÞG-05 verður kælivatn sótt í borholur ÞR-1 og ÞR-5, um þrjá kílómetra norðan við jarðhitasvæðið og það leitt eftir ofanjarðar lögnum að borteignum. Notast verður við sömu svarfþró og notuð var við borun ÞG-03. Frá dælukari borsins liggur frárennislögn í svarfþróna. Í hana safnast allt borsvarf, borleðja og steypusvarf sem frá holunni berst. Úr svarfþrónni verður borvatn leitt eftir fyrirbyggjandi frárennislögn, sem liggur á yfirborði og losað neðarlega í lækjarfarveg sem liggur út í tjörnina við Tjarnarás. Þar hverfur vatnið niður um sprungu í grunnvatn.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Aðaldælahrepp.

Tilgangur Þeistareykja ehf. með rannsóknaborunum er að kanna vinnslueiginleika og afkastagetu svæðisins og fá úr því skorið hvort hagkvæmt reynist að virkja það til raforkuvinnslu. Niðurstöður borana á fyrri rannsóknaholum svara ekki með óbyggjandi hætti ofangreindum spurningum. Rannsóknarhola ÞG-05, sem boruð var á sama borteig og holur ÞG-01 og ÞG-04, skilaði ekki þeim upplýsingum um jarðhitakerfið á Þeistareykjum sem vænst hafði verið. Það er mat sérfræðinga að nauðsynlegt sé að bora a.m.k. eina holu til viðbótar á þessu ári í þeirri von að öðlast nægjanlega þekkingu á eiginleikum og spá fyrir um vinnslugetu jarðhitakerfisins.

Þeistareykir ehf. telja að framkvæmdin muni hafa í för með sér óverulega umhverfisáhrif og eigi því ekki að teljast matsskyld.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Aðaldælahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun telja að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Aðaldælahrepps bendir á að borað verði frá sama borteigi og ÞG-03, stækkun borteigsins fari yfir áður raskað land og efnistaka verði úr opinni námu nr. 2. Ennfremur sé framkvæmdin í samræmi við nýlega samþykkt svæðisskipulag háhitasvæða.

Iðnaðarráðuneytið bendir á að framkvæmdin sé í samræmi við stefnu svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Þá sé stefnt að því að stækka núverandi borteig ÞG-03 um 660 m², en samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 31. maí 2007 er borun rannsóknarholu á þeim stað ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Með vísan til þessa skuli framkvæmdin ekki teljast matsskyld.

Áhrif á sammögnun með öðrum framkvæmdum. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir vegna virkjunar á svæðinu eru matsskyldar og nú þegar sé í undirbúningi mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar og tillaga að matsáætlun til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun. Umhverfisstofnun telur það ekki góð vinnubrögð að tilkynna inn til ákvörðunar um matsskyldu svo margar rannsóknarholur, um sé að ræða 6. rannsóknarholuna sem boruð verður á Þeistareykjum. Í hvert skipti er fjallað um eina eða tvær holur. Með því fáist ekki yfirlit yfir heildaráhrif framkvæmdanna, en varanlegt jarðrask fylgi borun hverrar holu. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að ekki verði boraðar fleiri rannsóknarholur á Þeistareykjum fyrr en mat á umhverfisáhrifum jarðhitánýtingar á svæðinu er lokið.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð borun ÞG-06 muni ein og sér ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en hins vegar geti sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum, sem þegar hafa verið leyfðar og eru fyrirhugaðar, verið umtalsverð.

Í sörum framkvæmdaraðila er bent á að niðurstaða Skipulagsstofnunar um boranir ÞG-1 til ÞG-5 var að þær væru ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Ekki er fallist á það að borun einnar rannsóknaholu, ÞG-6, til viðbótar, á sama borteigi og ÞG-3, sé líkleg til að valda því að sammögnuð áhrif með fyrri rannsóknaborunum á Þeistareykjum verði umtalsverð. Umfang framkvæmdarinnar við holu ÞG-6 verður í algjöru lágmarki. Eina jarðraskið sem mun verða er að fyrirbyggjandi borteigur verður aðeins stækkaður um 660 m², úr 5200 m² í 5860 m². Ekkert rask verður á áður óröskuðum svæðum. Til að draga úr áhrifum m.a. á gróður verður borvatn og affallsvatn við blástur leitt úr svarfprónni eftir fyrirbyggjandi frárennislögn borteigs sem liggur á yfirborði og losað neðarlega í lækjarfarveg, sem liggur út í tjörnina við Tjarnarás. Þar hverfur vatnið niður um sprungur í grunnvatn. Talið er að frekari losun affallsvatns í tjörnina við Tjarnarás muni hafa óveruleg áhrif á vatn. Bent er á að rannsóknaholur á Þeistareykjum hafa reynst þurrar og vatnslitlar við blástursprófanir. Talið er að jarðhitavökvi frá borholu í blæstri muni hafa óveruleg áhrif á gróður. Hávaði frá borun og prófun getur tímabundið haft einhver áhrif á hljóðvist í nágrenni borteigs, en framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, landslag, vatn, lífríki, menningarmínjar og samgöngur. Sammögnuð áhrif með fyrri framkvæmdum vegna rannsóknaborana á svæðinu eru einnig talin verða óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifum muni ekki stafa hættu af framkvæmdinni.

Áhrif á þekkingu á jarðhitaauðlindinni. Orkustofnun bendir á að í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að undirbúningur framkvæmdarinnar hefur farið fram á grundvelli rannsóknarleyfis, sem útgefið var 23. janúar 2004. Fram að þessu hafa verið boraðar 5 rannsóknar- og vinnsluholur á jarðhitasvæðinu. Sú seinasta skilaði ekki tilætluðum árangri og er það mat sérfræðinga að nauðsynlegt sé að bora a.m.k. eina holu á þessu ári til að öðlast viðunandi þekkingu á eiginleikum svæðisins og spá fyrir um vinnslugetu þess. Fyrirhuguð borhola yrði boruð af sama borteig og borhola nr. ÞG-03. Orkustofnun tekur undir það mat framkvæmdaraðila að nauðsynlegt sé að afla frekari þekkingar á svæðinu.

Áhrif á vatnafar. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að gera þarf grein fyrir hvort einhver mannvirki sem krefjast fráveitu verði reist á svæðinu og verði svo vísast til starfsreglna heilbrigðiseftirlitsins varðandi mengunarvarnir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að í tengslum við framkvæmdir verði reist mannvirki á svæðinu sem krefjast fráveitu og að starfsmenn borsins verði vistaðir í vinnubúðum Kröflustöðvar, líkt og við fyrri rannsóknaboranir á Þeistareykjasvæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun núverandi borteigs ÞG-03 undir Ketilfjalli, sem er um 5200 m² að flatarmáli, um 660 m² svo bora megi aðra rannsóknarholu, ÞG-06, á honum. Stækkun teigsins fer yfir land þar sem mold var jafnað út yfir við gerð borteigsins ÞG-03 árið 2006. Fyrirhugað er að bora allt að 2.500 m djúpa, lóðrétt eða stefnuboraða holu sem er hönnuð eins og vinnsluhola. Kælivatn verður sótt í borholur ÞR-1 og ÞR-5, um þrjú kílómetra norðan við jarðhitasvæðið og það leitt eftir ofanjarðar lögnum að borteignum. Notast verður við sömu svarfþró og notuð var við borun ÞG-03 og úr svarfþrónni verður borvatn leitt eftir fyrirbyggjandi frárennslislögn, sem liggur á yfirborði og losað neðarlega í lækjarfarveg sem liggur út í tjörnina við Tjarnarás. Þar hverfur vatnið niður um sprungur í grunnvatn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 ci í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á lífríki. Skipulagsstofnun telur að fráveita skol- og skiljuvatns í tjörn við Tjarnarás við borun holunnar og síðan blástur muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á tjörnina sjálfa eða lífríki hennar með tilliti til varmamengunar, miðað við þá reynslu sem komin er af þessu fyrirkomulagi við fyrri holur. Framkvæmdin mun hafa áhrif á innan við 400 m² af þegar röskuðu landi sem hefur verið grætt upp. Skipulagsstofnun telur að ekki séu líkur á að framkvæmdin muni hafa veruleg neikvæði áhrif á lífríki.

Áhrif á hljóðvist. Varðandi áhrif á hljóðvist telur Skipulagsstofnun ljóst að hávaði frá borholum í blæstri er verulegur og til þess fallinn að trufla upplifun þeirra sem leið eiga um svæðið. Að því gefnu að framkvæmdaraðili leitist við að láta borholur blása utan þess árstíma sem von sé á ferðamönnum telur Skipulagsstofnun að ekki séu líkur á að framkvæmdin muni hafa veruleg neikvæði áhrif á hljóðvist.

Áhrif á náttúruverndarsvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð stækkun borteigs muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins umfram það sem nú þegar hefur orðið. Þá sé efnistaka úr

opinni námu við veginn til Þeistareykja frá Hólasandi, vestan Kvíhólafjalla, ekki líkleg til að hafa veruleg neikvæð áhrif á jarðmyndanir og landslag.

Sammögnun framkvæmda. Framkvæmdin er í samræmi við svæðisskipulag fyrir háhitasvæði í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að borun ÞG-06 muni hafa sammögnunaráhrif með borholum ÞG-01 til ÞG-05 sem kunni að verða veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Þeistareykja ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Þeistareykja ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun rannsóknarholu ÞG-06 á Þeistareykjum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Aðaldælahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu og þarf sveitarstjórn Aðaldælahrepps að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3 t. bráðabirgðaákvæða skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sbr. reglugerð nr. 785/1999 og falla einnig undir ákvæði laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Þeistareykir ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. júlí 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir